

Bæjarráð: Upplýsingar um stöðu mála Varðandi umhverfiseftirlit og Framtíð heilbrigðiseftirlits.

Til : Hjördís Þráinsdóttir <hjordis@isafjordur.is>
Frá : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Heiti : Bæjarráð: Upplýsingar um stöðu mála Varðandi umhverfiseftirlit og Framtíð heilbrigðiseftirlits.
Málsnúmer : 2024020117
Málsaðili : Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Skráð dags : 27.06.2024 14:21:03
Höfundur : Bryndís Ósk Jónsdóttir <bryndis@isafjordur.is>
Viðhengi : [SHI_bref_til_sveitarfelaga_um_styrihop_URN_MAR_uppf_SG_\(002\).pdf](#)

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs / bæjarritari
Ísafjarðarbær
450 8000 - [www.isafjordur.is](#)

From: Almennur póstur

Sent: fimmtudagur, 27. júní 2024 14:20

To: Bryndís Ósk Jónsdóttir ; Hjördís Þráinsdóttir

Subject: FW: Upplýsingar um stöðu mála Varðandi umhverfiseftirlit og Framtíð heilbrigðiseftirlits.

Bestu kveðjur/Kind Regards,

Rakel Sylvía Björnsdóttir

Þjónustufulltrúi
Ísafjarðarbær
450 8000 - [www.isafjordur.is](#)

From: Anton Helgason <[anton@hevfi.is](#)>

Sent: fimmtudagur, 27. júní 2024 13:52

To: Eftirlit <[eftirlit@hevfi.is](#)>; Ísafjarðarbær <[info@isafjordur.is](#)>; [sudavik@sudavik.is](#); Jón Páll Hreinsson <[jonpall@bolungarvik.is](#)>; [bolungarvik@bolungarvik.is](#); [talknafjordur@talknafjordur.is](#); Ásgerður Guðbjörnsdóttir <[skrifstofa@reykholar.is](#)>; Kaldrananeshreppur <[drangsneshreppur@drangsneshreppur.is](#)>; [vesturbyggd@vesturbyggd.is](#); [Strandabyggd@strandabyggd.is](#); [arneshreppur@arneshreppur.is](#); [fv@vestfiridir.is](#)

Cc: Einar Valur Kristjánsson <[einar@frosti.is](#)>; kviabali <[kviabali@drangsneshreppur.is](#)>; Lilja Magnúsdóttir <[lilja@talknafjordur.is](#)>; gudbjorgs91 <[gudbjorgs91@gmail.com](#)>; Jónas Þór Birgisson <[jonas@lyfja.is](#)>; gudrun <[gudrun@sudavik.is](#)>

Subject: Upplýsingar um stöðu mála Varðandi umhverfiseftirlit og Framtíð heilbrigðiseftirlits.

Sæl öll og gleðilegt sumar

Heilbrigðisnefndin hafði ráðgert að funda þann 6.júní en í ljós kom að meirihluti nefndarmanna var kominn í sumarfrí eða á flakki þannig að við frestuðum fundi fram í ágúst. Því sendi ég þennan póst sem ætlaður er öllu sveitarstjórnarfólki á svæðinu til kynningar á því sem er í gangi hjá heilbrigðiseftirlitinu.

Eftirlitgjöld og innheimta

Í ár fluttist öll innheimta eftirlitsgjalda frá sveitarfélögum til heilbrigðiseftirlitsins. Þetta var gert til að auka yfirsýn okkar og eins til að stytta boðleiðir. Eftirlitsgjöldin voru send út í síðustu viku frá heilbrigðiseftirlitinu. Við svörum fyrir allar athugasemdir og eins ef óskað er eftir skýringum.

Á Freki kallinn að ráða

Í vor og sumarbyrjun hefur heilbrigðiseftirlitið lagt áherslu á umhverfiseftirlit. Númerslausir bílar og bílhræ er sá úrgangur sem fólk skilur helst eftir á almannafæri. Við vitum ekki hvað er að - er þetta aðskilnaðarkvíði sem hrjáir fólk eða ofmat á eigin getu til viðgerða. Við limum rauða miða á þá bíla sem eru á lóðum sveitarfélaga og almannafæri en fyrst gulan og síðan rauðan á bíla á einkalóðum og lóðum fyrirtækja. Flestir eigendur bregðast við ábendingu heilbrigðiseftirlits og fjarlægja eða koma bílum í úrvinnslu eða förgun. En einstaka einstaklingar hafa verið með leiðindi við verktaka sem á að sjá um að fjarlægja, það er illt til afspurnar ef leita þarf út fyrir svæðið að verktökum í þessi þrifaverk. Samtals erum við búnir að líma á 112 bíla nú í vor og sumarbyrjun. Nánari útlistun á álímingum er í töflu hér fyrir neðan.

Fyrirkomulag eftirlits

Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið og Matvælaráðuneytið hafa sett á laggirnar stýrihóp í framhaldi af Skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, útg. ágúst 2023.

Meðfylgjandi er bréf frá samtöku heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi. Með bréfi þessu vill SHÍ vekja athygli sveitarstjórnarfólks á fyrirliggjandi tillögum um breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits frá sveitarfélögum til ríkisins, og áhrifum þess á sveitarfélögin, íbúa þeirra og atvinnulífið. Flutningur á verkefnum frá sveitarfélögum til ríkisins hefur yfirleitt haft í för með sér aukinn kostnað fyrir rekstraraðila og samfélagið, en ekki þá lækun í kostnaði sem stefnt er að. Einnig má benda á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er rekið af sértekjum allt að 70% þannig að sveitarfélögin leggja til um 30% af kostnaði að jafnaði. Tillögur ofangreindrar skýrslu snúast um að taka yfir þau verkefni sem eru rekin af sértekjum en hin verkefni, s.s. tiltekt á lóðum og lendum, vöktun á loftgæðum, vatngæðum og strandsjó, umsagnir og ráðgjöf, munu liggja áfram hjá sveitarfélögunum. SHÍ telur mikilvægt að farið verði í ítarlegt kostnaðarmat á þessum hugmyndum f.h. sveitarfélaganna.

Ég vil hvetja sveitarstjórnarfólk til að kynna sér efni bréfsins frá SHÍ því kynningu á þessum áformum hefur verið í skötulíki.

Bílaálímingar eftir þéttbýlisstöðum

Ísafjörður	26
Patreksfjörður	6
Flateyri	31
Þingeyri	7
Strandabyggð	22
Bolungarvík	22
Hnífsdalur	4

Það er búið að líma á 112 bíla og af þeim eru 68 í Ísafjarðarbæ tekið skal fram að verkefnið er rétt að byrja.

Með kveðju

Anton Helgason
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík
S.4567087 og 8618489